

1. Undirbúningur

- Fjarlægjið allan skít, fóðurrestar og annan úrgang úr húsinu í ílát eða gám sem ætlaður er til flutnings til förgunar.

2. Forhreinsun

- Aftengið rafmagnstæki, s.s. viftur.
- Takið alla lausa hluti sem geta hafa mengast af skít og leggið í bleyti í sápublöndu.
- Sópið ryk af innréttingum, gluggakistum, burðarbitum í lofti, viftu, ljósum, leiðslum o.s.frv. (ofan frá og niður).
- Lyftið upp lausum mottum þannig að gólf sé frítt til þrifa.
- Ef húsið er mjög skítugt þarf að bleyta upp skítinn og skola burt áður en sápað er.

3. Sápun

- Blandið sápuefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Úðið hæfilegu magni af blöndunni á alla fleti. Notið helst lágan þrýsting (25 bör) og kvoðustút. Ef ekki eru kvoðutæki til staðar, notið þá bursta eða skrúbb til að sápa fletina.
- Byrjið að kvoða loft, vegg, innréttingar, stalla, mottur o.s.frv., endið á gólfi. Kvoðið vel alla fleti í króka og kima. Athugið að kvoða ekki of stóra fleti í einu.
- Látið kvoðuna liggja á að lágmarki í 20 mínútur en kvoðan má ekki þorna áður en þvegið er.
- Munið eftir geymslum, kaffistofu, forstofu, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu og hefur mögulega mengast af skít.

4. Þvottur

- Notið frekar lág- en háþrýstidælu.
- Notið mikið vatn og breiða vatnsbunu.
- Byrjið á lofti, veggjum, innréttingum, stöllum, mottum o.s.frv. og endið á gólfi.
- Notið bursta og sköfu á erfið óhreinindi og á þá staði sem erfitt er að komast að.
- Gætið þess að óhreinindi berist ekki frá óhreinum flötum yfir á hreina.
- Skoðið hvernig til hefur tekist með þrifu og þrifið betur ef sjáanleg óhreinindi eru til staðar.
- Munið eftir geymslum, kaffistofu, forstofu, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.

5. Þurrkun

- Skafið eða sópið vatnspolla af gólfum og látið húsið þorna sem fyrst, upphitun og loftræsting flýta fyrir.

6. Sótthreinsun

- Blandið sótthreinsiefni samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.
- Úðið hæfilegu magni af blöndunni á alla fleti, loft, vegg, innréttingar, stalla, mottur o.s.frv., endið á gólfi. Úðið með lágum þrýstingi (35 bör).
- Vinnið skipulega til að tryggja að sótthreinsiefnið berist á alla fleti og að allt blotni.
- Munið eftir geymslum, kaffistofu, forstofu, þvottatækjum, stígvélum og öðrum búnaði sem tilheyrir húsinu.
- Látið sótthreinsiefnið liggja á að lágmarki í 30 mínútur.
- Lokið húsinu.

7. Þurrkun

- Æskilegt er að þurrka húsið með upphitun og loftræstingu.
- Gangið frá öllum búnaði þannig að hann þorni sem fyrst.
- Þegar allt er þornað má nota húsið aftur á hefðbundinn hátt.